

## Opinbera deildin

### Ágætu félagar!

Að venju verður á þessum aðalfundi farið yfir það helsta sem gerst hefur á liðnu starfsári sem var mjög óvenjulegt vegna Covid-19. Haldnir hafa verið fjórir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var 6. febrúar 2020. Óhætt er að segja að erfitt var að skipuleggja eitthvað á vegum deildarinnar þetta starfsárið annað en það sem hægt var að hafa rafrænt.

Ýmis mál hafa verið rædd á fundunum, m.a. samningamál, um félagsmannasjóðinn, vinnutímastyttingar, stofnanasamninga, málaefni öldrunarheimila Akureyrar, trúnaðarráð félagsins og margt fleira.

Skrifstofur félagsins voru lokaðar félagsmönnum í nokkra mánuði á síðasta ári og fram á þetta ár. Starfsfólkið var á sínum stað og sinnti málum á rafrænan hátt eða í gegnum síma og tölvupóst. Þetta fyrirkomulag gekk mjög vel upp og viljum við þakka ykkur fyrir þolinmæðina og eigið þið hrós skilið hversu vel tókst til í samskiptum við félagið á þessum veiru tímum.

Á starfsárinu voru samþykktir nýir kjarasamningar við sveitarfélögin og einnig við ríkið. Í kjarasamningunum náðist tímamótasamkomulag um styttingu vinnutímans. Breytingar vegna vaktavinnufólks taka gildi 1. maí 2021 en breytingar hjá dagvinnufólki tóku gildi 1. janúar sl. Varðandi dagvinnuna er heimilt að stytta vinnuvikuna um allt að 4 klukkustundir á viku eða úr 40 í 36 virkar stundir. Lágmarksstytting er 13 mínútur á dag, eða 65 mínútur á viku. Vinnuvikan fyrir fólk í vaktavinnu styttist úr 40 stundum í 36 virkar stundir á viku, fyrir fullt starf. Frekari stytting í allt að 32 stundir er möguleg og grundvallast á vægi vinnustunda.

Á 15 fundum sem félagið hélt í október með um 120 trúnaðarmönnum félagsins, þar af um 60 í Opinberu deildinni, fjallaði Björn formaður félagsins m.a. um þessar breytingar á vinnutíma. Þar notaði hann m.a. kynningarvefinn betrivinnutími.is sem Kjara- og mannauðssýsla ríkisins opnaði í kjölfar samninganna sl. vor. Á vefnum er farið yfir mögulegar útfærslur á styttingu vinnutíma dagvinnufólks og þær breytingar sem verða á vinnufyrirkomulagi vaktavinnufólks. Þarna er einnig leitast við að svara helstu spurningum og veita leiðbeiningar um framkvæmd breytinganna sem eiga að leiða til betri vinnutíma. Þá er einnig að finna svokallaðan vaktareikni sem hægt er að nota til þess að fá betri mynd af því hvaða breytingar nýtt vinnufyrirkomulag getur haft á kjör vaktavinnufólks. Á heimasíðu félagsins má finna hnapp sem vísar beint á kynningarvefinn.

Í síðasta kjarasamningi við sveitarfélögin var samið um og stofnaður sérstakur félagsmannasjóður. Atvinnurekandi greiðir mánaðarlegt framlag í sjóðinn sem nemur 1,5% af heildarlaunum félagsmanna og er greitt úr sjóðnum 1. febrúar ár hvert.

Allir félagsmenn sem starfa hjá sveitarfélagi eða störfuðu hjá sveitarfélagi á félagssvæðinu á tímabilinu frá 1. febrúar 2020 til 31. desember 2020 áttu að fá greitt úr félagsmannasjóði 1. febrúar sl. Starfsgreinasambandið sér um að halda

utan um sjóðinn og greiða út úr honum en forsenda þess að hægt sé að greiða úr sjóðnum er að Eining-Iðja hafi kennitölu, bankaupplýsingar, síma og netfang félagsmanna. Nú þegar hafa rúmlega 1.500 félagsmenn skilað inn þessum upplýsingum til félagsins. Ég hvet alla sem enn eiga eftir að senda okkur upplýsingar að gera það sem fyrst, þeir munu fá greitt síðar.

Þegar borga átti út úr sjóðnum sl. mánudag kom ýmislegt upp á og því var ekki hægt að greiða öllum út. Sumir launagreiðendur skiluðu ekki nógu sundurgreindum skilagreinum. Nokkrir launagreiðendur greiddu ekki þá fjárhæð sem fram kom á skilagreinum. Einnig var nokkuð um villumeldingar í reikningsnúmerum, sem stöfuðu ýmist af vitlausum innslætti eða bankareikningur og kennitala stemmdu ekki. SGS er að vinna í málinu en ef einhver er með spurningar þá á að hafa samband við SGS, netfangið er sgs@sgs.is því félagið er ekki með upplýsingar um málið þar sem greiðslur sveitarfélaganna fara beint til SGS.

Áætlað var að næsta greiðsla yrði 1. mars nk. en vegna aðstæðna var ákveðið að borga út í lok dags alla þessa viku til þeirra sem búið verður að leiðrétta rangfærslur hjá.

Búið er að ganga frá öllum stofnanasamningum sem félagið er aðili að, þ.e. við VMA, MA, Eldhús og þvottahús MA, Lund, HSN og SAK. Í öllum samningunum er tryggt að enginn fái lægri hækkun á mánuði en kr. 90.000 á samningstímanum og margir fá vel yfir kr. 100.000. Samningarnir hafa verið kynntir á vinnustöðum bæði með vinnustaðafundum og á rafrænan hátt.

Árlegur fræðsludagur Einingar-Iðju fyrir trúnaðarmenn, starfsmenn og aðra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið féll niður vegna Covid og ekki er enn búið að ákveða nýja dagsetningu.

Í október fór fram þing ASÍ og fór það í fyrsta sinn fram rafrænt, í raun var þetta 300 manna fjárfundur þar sem kjarnaatriðin, samkvæmt lögum ASÍ, voru afgreidd en þinginu svo frestað fram á vor þegar farið verður í málefnavinnu. Eining-Iðja átti rétt á að senda níu fulltrúa á þingið og var ég ein af þeim.

Aðalstjórn félagsins ákvað að framkvæma aftur sambærilega kjara- og viðhorfskönnun eins og framkvæmd hefur verið ár hvert frá árinu 2011. Óhætt er að segja að mikil ánægja er með þjónustu félagsins og félagið sjálft. Niðurstöðu könnunarinnar má finna á heimasíðu félagsins.

Óhætt er að minna aftur á að SÍMEY er með samninga við starfsmenntunarsjóðina Sveitamennt og Ríkismennt um starfstengda símenntun. Sjóðirnir greiða fyrir þátttöku þeirra sem starfa hjá ríki, sveitarfélögum og sjálfseignastofnunum sem eru aðilar að Sveitamennt og Ríkismennt. Hér er um að ræða þátttöku starfsmanna í starfstengdum námskeiðum sem skipulögð eru af SÍMEY.

Félagsmenn í Einingu-Iðju sem eiga aðild að Ríkismennt og Sveitamennt geta því sótt námskeið hjá SÍMEY og greiða sjóðirnir fyrir þátttöku þeirra að fullu. Athugið að þátttaka mun ekki skerða einstaklingsstyrki starfsmanna í starfsmenntasjóðum.

Félagið er líka með samstarfssamning við SÍMEY sem er með það markmið að skapa enn fleiri möguleika fyrir félagsmenn Einingar-Iðju til að sækja sér fræðslu og auka við starfstengda hæfni sína. SÍMEY mun kappkosta við að endurspegla þarfir okkar félagsmanna varðandi símenntun.

SÍMEY býður upp á fjöldamörg námskeið sem eru bæði starfstengd og tengd áhugamálum hvers og eins. Fjölmörg námskeið og námsleiðir eru í boði og geta áhugasamir m.a. kíkt á heimasíðu SÍMEY til að sjá hvað er í boði.

Í ljósi aðstæðna í íslensku samfélagi ákváðu stjórnir Landsmenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar í fyrra að rýmka úthlutunarreglur einstaklingsstyrkja í ákveðinn tíma. Fræðslusjóðirnir gerðu samninga við fræðsluaðila sem bjóða upp á vefnám eða fjarnám þar sem fyrirtækjum og einstaklingum er boðin þátttaka í náminu þeim að kostnaðarlausu. Þetta gildir einnig um staðbundið nám þar sem því er við komið vegna aðstæðna.

Átakið gildi fyrst frá 15. mars til og með 31. ágúst 2020. Það var framlengt til áramóta og nú er búið að framlengja það til 1. júní nk. Átakið gildir gagnvart námi/námskeiðum sem hefjast innan þessa sama tímaramma. Nánari upplýsingar um þetta má finna á heimasíðu félagsins.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldin nokkur námskeið, t.d. dyravarðanámskeið, starfslokánámskeið og trúnaðarmannanámskeið. Vegna aðstæðna voru flest trúnaðarmannanámskeiðin kennd á rafrænan hátt. Önnur námskeið voru auglýst en ekki tókst að fá lágmarkfjölda á þau og einnig þurfti að hætta við námskeið vegna Covid.

Ef einhverjir eru með hugmyndir að námskeiðum sem þeir hafa áhuga á, er um að gera að koma því á framfæri við Önnu varaformann félagsins.

Ég vil minna á að félagsmenn geta hvenær sem er haft samband við ráðgjafana í SÍMEY og fengið hjá þeim ókeypis ráðgjöf.

Í fyrra voru í boði þrjár ferðir hjá félaginu en vegna aðstæðna þurfti að hætta við þær allar. Í ár verður boðið upp á tvær ferðir, en hætt var við að bjóða upp á utanlandsferð þetta árið. Skráning er hafin í innanlandsferðina, en farin verður dagsferð út í Flateyjardal laugardaginn 21. ágúst. Ekki er eftir neinu að bíða með að skrá sig fyrir þá sem hug hafa á að fara með, því bæði er um að ræða lágmarks- og hámarksfjölda í ferðina. Síðar verður auglýst hvenær byrjað verður að skrá í hina árlegu eins dags ferð fyrir aldraða félagsmenn sem farin verður 24. júní.

Orlofsblaðið kemur út í byrjun mars en í sumar verður boðið upp á mikið úrval sumarhúsa eins og undanfarin ár.

Ég minni á varðandi sumarúthlutun orlofshúsa að eins og undanfarin ár verður einungis tekið við rafrænum umsóknum í gegnum orlofshúsavef félagsins. Á heimasíðu félagsins má finna hnapp inn á orlofshúsavefinn.

Ef einhver þarf á aðstoð að halda við að sækja um orlofshús eða Orlof að eigin vali þá er hægt að mæta á skrifstofurnar og fá aðstoð við það að sækja um.

Áfram verður hægt að kaupa niðurgreidda ferðaávísun hjá félaginu á fjölmörg hótél og gistiheimili um allt land. Þetta kom nýtt inn í fyrra en ávísunin er rafræn og leysir af hólmi gisti miða sem hægt var að kaupa hjá félaginu. Þessu nýja fyrirkomulagi fylgir meira frelsi og stórauðnir valmöguleikar, enda er ávísunin ekki bundin við tilteknar dagsetningar, einstakt gistiheimili, hótél eða hótélkeðju. Með því að skrá sig inn á orlofsvefinn má sjá hvaða gististaðir eru í boði og þar þarf að kaupa ávísunina þar sem hún er rafræn. Á sama stað er hægt að kaupa útilegu- og/eða veiðikort.

Áfram verður boðið upp á Orlof að eigin vali. Styrkurinn í ár verður kr. 25.000 eins og á síðasta ári. Áfram verða í boði 300 styrkir eins og undanfarin ár. Sækja þarf um styrkinn á vef félagsins, eins og orlofshúsin. Síðasti umsóknardagur er 7. apríl nk.

Ég vil enn og aftur minna á heimasíðu félagsins, ein.is, þar sem má m.a. nálgast gagnlegar upplýsingar um félagið, kjaramál, fræðslumál og réttindi launafólks. Síðan er vel virk og vel sótt af félagsmönnum og öðrum. Hægt er að skrá sig á póstlista á síðunni og fá þannig nýjustu fréttir sem á hana koma.

Félagið er með virka síðu á Facebook svo þið megið alveg endilega gefa okkur eins og eitt like á þá síðu og svo er um að gera að deila henni svo fleiri félagsmenn viti af henni.

Svona áður en við förum að snúa okkur að stjórn deildarinnar og kosningum þá langar mig að vekja athygli á að á skrifstofu félagsins á Akureyri starfa fjórir ráðgjafar hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði, þær, Helga Þyri sem jafnframt er verkefnastjóri á svæðinu, Kristín, Nicole og Svana. Þær eru starfmenn Einingar-Iðju, en starfa fyrir öll stéttarfélög á svæðinu.

Nicole er með fasta viðveru á skrifstofu félagsins á Dalvík á þriðjudögum og Svana er með fasta viðveru á skrifstofunni í Fjallabyggð á miðvikudögum.

Fyrir þá sem ekki vita þá er þjónusta VIRK fyrir einstaklinga sem búa við skerta starfsgetu vegna heilsubreysts og stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Til að eiga rétt á þjónustunni þarf einstaklingur að vera með vottaðan heilsubreyst frá lækni í formi vottorðs eða beiðni læknis um þjónustu hjá VIRK. Það geta legið margar og ólíkar ástæður fyrir því að fólk falli út af vinnumarkaði og þarfnist starfsendurhæfingar. Kulnun í starfi, afleiðingar slysa og áfalla, eða andlegir sem líkamlegir sjúkdómar. Ef þið viljið fá nánari upplýsingar um VIRK þá má t.d. nálgast þær á heimasíðu félagsins.

**Stjórn deildarinnar var þannig skipuð fyrir síðasta starfsár:**

Formaður	Sigríður K. Bjarkadóttir	Lundarskóli
Varaformaður	Guðbjörg Helga Andrésdóttir	Þjónustukjarninn Borgargili
Ritari	Anna Dóra Gunnarsdóttir	Leikskólinn Álfasteinn
Meðstjórnendur	Andreea Georgiana Lucaci, Halldór Ari Brynjólfsson Ingibjörg M. Ingvadóttir Sigrún Aðalsteinsdóttir Tómas Jóhannesson Þórhalla Þórhallsdóttir	Hlíð Vegagerðin Dalvíkurskóli SAK Þrastarlundur Hlíð

Í ár á að kjósa um formann, ritara og þrjá meðstjórnendur til tveggja ára.

Úr stjórn eiga að ganga: Sigríður K. Bjarkadóttir, Anna Dóra Gunnarsdóttir, Andreea Georgiana Lucaci, Þórhalla Þórhallsdóttir og Tómas Jóhannesson.

Sigríður, Þórhalla, Anna Dóra og Tómas hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram í stjórn deildarinnar.

Guðbjörg Helga, núverandi varaformaður, býður sig fram til formanns. Guðrún Valdís Eyvindsdóttir býður sig fram í embætti ritara. Andreea Georgiana Lucaci, Bergur Þór Jónsson og Ólöf María Olgeirsdóttir bjóða sig fram í embætti meðstjórnenda.

Ef Guðbjörg Helga verður kosin í embætti formanns þarf einnig að kjósa í embætti varaformanns til eins árs. Við förum nánar yfir það að lokinni kosningu hér á eftir ef þörf krefur.

Ég vil þakka Önnu Dóru, Þórhöllu og Tómasi sem nú láta af stjórnarstörfum fyrir samstarfið á liðnum árum. Ég vil einnig þakka öllum þeim sem ég hef starfað með á liðnu ári fyrir ánægjulegt samstarf og viðkynningu, sérstaklega öðrum stjórnarmönnum deildarinnar og starfsmönnum Einingar-Iðju.

Að lokum þakka ég Birni Snæbjörnssyni, starfsmanni deildarinnar fyrir gott samstarf á árinu.

Takk fyrir.